

## Upplýsingabæklingur til landeigenda og húsafólks á Hornströndum

Í tengslum við vinnu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hornstrandafriðlandið kom fram ósk um aukna upplýsingagjöf til landeigenda/húseigenda, með það að markmiði að auka samstarf. Til að koma til móts við þessa ósk er hér búið að taka saman upplýsingar um hin ýmsu mál og eins koma til ykkar þeim reglum sem kynntar eru gestum svæðisins.

### Almennar umgengisreglur svæðisins

Í auglýsingu um friðlandið 332/1985 koma fram þær almennu reglur sem gilda á svæðinu. Þær hafa svo verið útfærðar í almennari orð fyrir gesti svæðisins. Ný stjórnunar- og verndaráætlun er nú í kynningarferli og fram til 17. júlí verður hægt að senda inn ábendingar. Vefslóð hér fyrir neðan <https://ust.is/einstaklingar/nattura/verndaraetlanir-i-kynningu/friðlandid-a-hornstrondum/>

Í áætluninni eru settar aðeins strangari umgengisreglur á svæðinu en verið hefur, en í fæstum tilfellum ættu þær að koma við landeigendur eða húsafólk. Má þar nefna, takmarkanir á hópastæðum, hjóltreiddar, skyldu til að tjalda á skilgreindum tjaldstöðum (nema með leyfi landeigenda á hans lóð) og hundahald á tjaldstöðum.

Eftirfarandi umgengisreglur til ferðamanna á Hornströndum eru þær sem unnið hefur verið með undanfarin ár en um leið og ráðherra hefur staðfest nýja verndar- og stjórnunaráætlun munu nýjar umgengisreglur líta dagsins ljós.

### Umgengisreglur – viðauki 1

#### Ágengar tegundir.

Þess misskilnings hefur gætt að allt sem lifir innan friðlandsins sé friðað. Það er þó ekki svo og mikilvægt að farið verði í aðgerðir til að uppræta ágengar tegundir, sem eru skilgreindar sem tegundir sem flytjast til nýrra heimkynna, breiðast þar út og ógna því lífríki sem fyrir er. Samstarf við landeigendur í þessu samhengi er afar mikilvægt.

Innan friðlandsins finnast þrjár framandi ágengar tegundir, en það eru lúpína, kerfill og minkur.

Best er að slá eða rífa upp þær **lúpínur** sem sjást áður en fræ myndast, snemmsumars.

Helstu ráð til að eyða **kerfli** er að slá hann en þá þarf að slá a.m.k. tvisvar á sumri.

**Minkur** hefur hreiðrað um sig á nokkrum stöðum innan friðlandsins, er þó hvað sýnilegastur á Látrum. Landverðir taka gjarnan við upplýsingum um hvar mink sé að finna innan friðlandsins, þannig að hægt sé að meta vandann.

#### Sorpmál

Markmiðið er að allt sorp sem fellur til á friðlandinu skuli flutt til baka. Samkomulag hefur náðst við Ísafjarðarbæ um að fjölga sorpgámum á höfninni þar sem farþegabátar koma að landi, þannig að auðvelt verði að losa sig við ruslið um leið og komið er í land.

#### Um fjórhjólanotkun

Í auglýsingu um friðlandið á Hornströndum, nr. 332/1985 kemur fram að umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Í tengslum við vinnu að Verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir friðlandið voru slóðar innan friðlandsins skilgreindir. **Sjá kort** Slóða er að finna á Sæbóli, Látrum, í Fljótavík, Bolungavík og Furufirði. Í flestum tilfellum er eingöngu um að ræða stutta leið frá fjöru og upp í hús, eins upp í

kirkju eða bænahús, enda eru tækin nánast eingöngu nýtt til að koma aðföngum í hús. Tækin ættu ekki að vera nýtt sem leiktæki, hvorki fyrir börn né fullorðna.

Reglur um fjór- sexhjólanothun fara að öllu leiti eftir umferðalögum, s.s. um skráningu, tryggingar, akstursréttindi og öryggisbúnað. Að auki eru notendur tækjanna hvattir til að sína tillitssemi er varðar tímasetningar notkunarinnar, þannig að aðrir gestir svæðisins geti notið kyrrðar og ró nú sem áður fyrr. Er hér sérstaklega beint til ökumanna að nota tækin ekki eftir klukkan 9 á kvöldin nema vegna brýnna erinda.

Þegar mikil bleyta er í jarðvegi þurfa ökumenn að vera sérlega varkárir, eins er mikilvægt að hafa í huga að kerrur sem dregnar eru af hjólunum séu á jafn breiðum dekkjum og hjólin, þannig að ekki myndist djúp för eftir grönn dekk kerranna.

Þar sem göngufólk nota sömu slóða og fjórhjólin eru ökumenn beðnir um að sýna tillitssemi.

Ólöglegur akstur utan vega/slóða er litinn mjög alvarlegum augum og varðar refsingu, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd 60/2013. Á þetta við innan Hornstranda sem og alls staðar annarsstaðar á Íslandi.

### Hundar

Margir landeigendur hafa hunda með sér þegar friðlandið er heimsótt. Hundarnir skulu ávallt vera í taumi. Reynslan sýnt okkur að lausaganga hunda fælir oft bæði fugl og ref af því svæði sem dýrið dvelur hverju sinni.

Ekki er gert ráð fyrir hundum á tjaldsvæðum innan friðlandsins. Eins er verið að leggja til stjórnunar- og verndaráætluninni sem nú er í kynningarferli, hundalaust svæði. Er þar átt við um svæðið sem afmarkast af Axarfjalli í austri, Hafnarfjalli og í Skálakamb. Þar með verði Hornbjarg og Hælavíkurbjarg ásamt Hornvíkinni allri hundalaus fyrir utan þá hunda sem fylgja landeigendum á svæðinu, en rík þörf er á því að umræddir hundar séu í taumi öllum stundum. Að öðru leiti bendum við á reglur sem gilda um hundahald í Ísafjarðarbæ.

### Sambýlið við refinn

Heimskautarefurinn er talinn í útrýmingarhættu á Norðurlöndunum (utan Svalbarða) og er alfriðaður í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Mikið hefur verið varið í rannsóknir og eflingu stofns heimskautarefs í Skandinavíu en samt sem áður hefur fjölgun í stofninum verið hæg. Á Íslandi er að finna yfir 90% af öllum heimskautarefum norðurlandanna. Ísland ber því mikla ábyrgð á framgangi tegundarinnar innan Evrópu. Á Íslandi er refurinn ekki friðaður nema á nokkrum afmörkuðum svæðum, þ.e. friðlöndum sem eru friðlýst vegna dýralífs (10. gr laga nr. 64/1994). Hornstrandir er eitt af þeim svæðum og er ábúðapéttleikinn því hár innan friðlandsins.

Til að vernda refinn hafa verið gefnar út leiðbeiningar til ferðapjónustuaðila varðandi umgengni við hann.

### Sjá reglur um refaskoðun – viðauki 2

Jafnframt er það ósk okkar að húseigendur láti af þeim sið að hæna að sér dýr með matargjöfum. Sérstaklega mikilvægt er fyrir yrðlinga að læra að afla sér matar í náttúrunni áður en hausta fer og læðan bítur þá af sér. Matargjafir mannsins eru ekki að styrkja yrðlinginn í þeirri færni og getur haft neikvæðar afleiðingar þegar kemur að getu hans til að lifa af fyrsta veturinn.

### Landvarsla á svæðinu

Sérfræðingur Hornstrandafriðlandsins er Kristín Ósk Jónasdóttir. Hún mun fara um allt svæðið í sumar og vonast til að ná að hitta á sem flesta landeigendur á ferðum sínum.

Landverðir sumarið 2018 verða þau Vésteinn Rúnarsson (6 vikur), Ragúel Hagalínson (6 vikur) og Pernilla Rein (4 vikur).



Kristín Ósk Jónasdóttir



Vésteinn Rúnarsson



Ragúel Hagalínson



Pernilla Rein

Landvarsla hefst 7. júní og verður fram í lok ágúst. Landverðir verða með höfuðstöðvar í Höfn í Hornvík og á Hesteyri en ganga þaðan um allt svæðið. Landvörður sem er skráður á Hesteyri sinnir jafnframt Aðalvík og Fljótavík og landvörður sem er skráður í Hornvík sinnir svæðinu alveg austur fyrir Axarfjall. Farnar verða þrjár ferðir á austurstrandirnar í sumar.

**Sjá skipulag sumarsins 2018**, birt með fyrirvara um breytingar s.s. vegna veðurs – viðauki 3

Til að ná sambandi við landverði er best að hringja í síma 591-2000 (Umhverfisstofnun) og fá samband við okkur eða hringja í GSM síma sérfræðings 822-4098. Þar sem símasamband er mjög takmarkað innan friðlandsins getur verið gott að senda SMS eða tölvupóst, [hornstrandir@umhverfisstofnun.is](mailto:hornstrandir@umhverfisstofnun.is) en við náum í tölvupóst reglulega.

### Hornstrandanefnd

Hornstrandanefnd er samstarfsnefnd um málefni friðlandsins, samanber 9. gr. auglýsingar um friðlandið 332/1985.

*Umhverfisstofnun og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps tilnefna hvort um sig þrjá menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins.*

Skipað var í núverandi Hornstrandanefnd haustið 2017

Kristín Ósk Jónasdóttir, formaður – Umhverfisstofnun

Andrea Harðardóttir - Ísafjarðarbæ

Gísli Halldór Halldórsson – Ísafjarðarbæ

Ingvi Stígsson – Landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

Margrét Katrín Guðnadóttir – Landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

Sölvi Sólbergsson – Landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

Hornstrandanefnd fundar tvisvar á ári hið minnsta. Vor og haust.

Nú er unnið að því að gera fundargerðir Hornstrandanefndar aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

## Travelling in Hornstrandir Nature Reserve

### *The Environment Agency of Iceland wishes to point out the following*

Hornstrandir nature reserve was established in 1975. The main purpose for establishing it as a nature reserve was for the protection of its ecosystems, wildlife and undisturbed landscape. To maintain its current state, it is very important that every visitor aims to minimise their impact on the area, so it can retain its value and provide visitors with an enjoyable experience.

It is required to report your travel plans to the Environmental Agency at [hornstrandir@umhverfisstofnun.is](mailto:hornstrandir@umhverfisstofnun.is) if you plan on visiting the nature reserve between **April 15th and June 15th**, because of the fragile state at that time.

### **Traveling in the area early season**

Traveling in the area early season poses some obstacles, mainly in relation to the fact that large part of the nature reserve is in transition between winter and spring. During the winter, the prevailing wind deposits great amount of snow in mountain passes, some of which are often impassable early in the season. The river crossing points can easily change over the winter time and the state of the trails is unknown. In addition it is not recommended for large groups to travel in the area during this time of year, due to the impact they might cause. The Ranger visits the nature reserve early May. It is recommended to visit the area after the Ranger has visited the area and is in a better position to give correct information about its status.

### **Camping**

Camp only at designated campsites. **Wild camping is prohibited** in the nature reserve. All campsites have dry latrines. Latrine doors are weighed down with heavy timber for a reason. Make sure the timber is replaced and the door is secured after use. Otherwise the risk of damage due to wind is near certain. **Campfires are prohibited**. Cooking equipment and disposable barbecues should be used with care.

### **Leave no lasting signs of your visit**

Leave no lasting signs of your visit. Remove all rubbish from the area when you leave. Burying, burning or leaving it behind, placing it in latrines is **prohibited**, because it affects the biological processes in the compost. Do not engrave on rocks or buildings and do not build cairns, rearrange stones or in any other way leave visible signs of your visit. In addition we also ask you to watch where you set foot in order to protect the vegetation and avoid path-making. Please remember that you are a guest. Respect the flora, fauna, cultural remains and the privacy of house owners in the nature reserve.

### **Do not pick flowers**

The vegetation in the nature reserve is very fragile and has limited time each year to grow. We ask you not to pick flowers or other plant and avoid stepping on flowers or plant beds if at all possible. It is permitted to pick berries, mushrooms, mountain lichens and herbs for consumption on the spot, but have in mind the vegetation has only few weeks each year to grow. Please be aware that some plant species growing in the wild in Iceland are protected, and may not be cut or otherwise disturbed.

### **Do not take anything with you**

We encourage you to leave the nature reserve as it is. Cultural remains are protected. Watch where you walk and stand. Walk around and not in between objects. Do not take anything with you and do not attempt to rearrange objects. In addition we ask you to leave stones, bones, driftwood and other items where they are.

### **Do not disturb the wildlife**

It is important to show caution when in vicinity of nesting birds or fox dens. Arctic Fox Dens are protected by law, so don't approach them, or dwell around them. The wildlife is very sensitive and can easily be disturbed and frightened. Do not feed the foxes, it is not beneficial for them to be fed by humans. Pets are best left at home. However, if they come along, keep them on leash and under control. Ensure you remove their droppings. Take notice, bringing a dog into the nature reserve will affect the experience of other visitors, dogs are not a part of the natural fauna, so the Arctic foxes will not be present in the same area as a dog will be. Please help us preserve the wildlife and be respectful towards it.

### **Polar bear**

Polar bears might have entered the area early spring, having arrived on drift ice from Greenland. Be aware of this, check the surrounding and look for any indications of bear tracks. If you notice there is a polar bear in the area please report it as soon as you can, and keep your distance.

### **Be safe**

Travel in the nature reserve may involve various risks. Be well prepared and take seriously that the elements in the area require that you **bring 4-season equipment!** Notice there is limited cellular coverage in the area, but VHF-Radios can be found in most emergency shelters. Only use the shelters if you truly need to. Leave the shelter as you found it. It is a good habit to sign your name in the emergency shelter guestbook, including your travel plans when you leave. We encourage you to register at [www.safetravel.is](http://www.safetravel.is) and leave a travel plan behind, as well as seeking further information regarding traveling in Iceland.

Slóðar – sbr. drög að Stjórnunar- og verndaráætlun  
Sæból





## Látrar



## Fljótavík







## Viðauki 2 – Reglur um refaskoðun

**Viðmiðunarreglur um refaskoðun**

Áður en haldið er á refaslóðir er mælt með því að kynna sér lífshætti villtra refa en það má t.d. gera með því að heimsækja Melrakkasetur Íslands. Mikilvægt er að þekkja þarfir dýranna og átta sig á því að þau þurfa næði til að geta sinnt eigin þörfum og afkvæma sinna. Vegna þess hve óðulin á Hornströndum eru lítil og stutt í næstu nágrenna er lítið svigrúm fyrir dýrin til að fara annað til að leita öryggis, finna fæðu og vernda afkvæmi sín.

Fyrir utan að kynna sér og virða almennar reglur um umgengni við náttúru og dýralíf er mikilvægt að hafa í huga eftirfarandi:

- Sýnið tillitssemi, verið þolinmóð. Helst ekki fara nær ref eða greni en **40 metra**.
- Reynið að takmarka þann tíma sem þið eruð í nágrenni við dýrin eða grenið við **20 mínútur**.
- Ef þið sjáið ref sem ykkur langar að fylgjast með, er besta leiðin að halda kyrru fyrir og fylgjast með úr fjarlægð. Ef þið eruð hljóð og forðist óþarfa hreyfingar er ekki ólíklegt að dýrið komi sjálft til ykkar, svo fremi sem það finni sig öruggt.
- Ef þið þurfið að fara framhjá greni, gangið rösklega en hljóðlega og ekki staldra við fyrr en í a.m.k. **40m fjarlægð frá greninu**. Ef þið eruð í hópi er best að halda saman og lágmarka þann tíma sem það tekur að fara framhjá greninu.
- Forðist að fara á milli foreldra og afkvæma og gefið pláss til að dýrin geti komist leiðar sinnar.
- Ef dýrin sýna merki um óöryggi eða hræðslu, færið ykkur fjær eða yfirgefið staðinn.
- Þó dýrin virðist róleg og spök er ekki víst að þau séu sáttt. Nærvera fólks getur komið í veg fyrir að foreldrar sinni yrðlingum og þeir fá ekki næga næringu.
- Nauðsynlegt er að dýrin fái frið til að afla fæðu og sinna afkvæmum, t.d. milli kl. 19:00 og 9:00.
- Hundar koma í veg fyrir að ferðamenn geti skoðað refi í náttúrulegum heimkynnum. Ólíklegt er að refir sjáist þegar hundur er á ferð og í nokkurn tíma eftir að hundurinn er farinn. Ef þið eruð með hund, hafið hann í taumi og komið í veg fyrir að hann geti farið að refagreni.
- Refagreni eru friðuð með lögum: “Skylt er að ganga vel um greni og ber að skilja við það eins og komið var að því. Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatíma né hafa þar óþarfa umgang.” (lög nr. 64/1994, reglugerð nr. 437/1995).

Með vinsemd og virðingu,

Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Melrakkasetur Íslands.





### Viðauki 3 – Viðvera landvarða sumarið 2018 (ath. Birt með fyrirvara um breytingar)

|              |    |  |               |           |  |                    |
|--------------|----|--|---------------|-----------|--|--------------------|
| Þriðjudagur  | 5  |  |               | Kristín   |  |                    |
| miðvikudagur | 6  |  |               | Vésteinn  |  |                    |
| fimmtudagur  | 7  |  |               | Ragúel    |  | Látrar             |
| föstudagur   | 8  |  |               | Pernilla  |  | Látrar             |
| laugardagur  | 9  |  |               |           |  | Aðalvík            |
| sunnudagur   | 10 |  |               |           |  | Aðalvík-Hesteyri   |
| mánudagur    | 11 |  |               |           |  | Hesteyri           |
| Þriðjudagur  | 12 |  |               |           |  | Hesteyri           |
| miðvikudagur | 13 |  | Hest          |           |  | Hesteyri           |
| fimmtudagur  | 14 |  | Hest-Horn     |           |  | Hest-Horn          |
| föstudagur   | 15 |  | Horn          |           |  | Horn               |
| laugardagur  | 16 |  | Horn          |           |  | Horn-Veiðileysifj. |
| sunnudagur   | 17 |  | Horn          |           |  |                    |
| mánudagur    | 18 |  | Horn          | Hesteyri  |  | Hesteyri           |
| Þriðjudagur  | 19 |  | Horn          | Hesteyri  |  | Hesteyri           |
| miðvikudagur | 20 |  | Horn          | Hesteyri  |  |                    |
| fimmtudagur  | 21 |  | Horn          | Hesteyri  |  |                    |
| föstudagur   | 22 |  | Horn          | Látrar    |  | Bolungarvík        |
| laugardagur  | 23 |  | Horn          | Fljótavík |  | Bolungarvík        |
| sunnudagur   | 24 |  | Horn-Veiðil.  | Hesteyri  |  | Smiðjuvík          |
| mánudagur    | 25 |  |               | Hesteyri  |  | Horn               |
| Þriðjudagur  | 26 |  |               | Hesteyri  |  | Horn               |
| miðvikudagur | 27 |  |               | Hesteyri  |  | Horn               |
| fimmtudagur  | 28 |  |               | Hesteyri  |  | Horn               |
| föstudagur   | 29 |  |               | Hesteyri  |  | Horn               |
| laugardagur  | 30 |  |               | Hesteyri  |  | Horn               |
| sunnudagur   | 1  |  | Veiðil-Horn   |           |  | Horn               |
| mánudagur    | 2  |  | Horn          |           |  | Horn-Hesteyri      |
| Þriðjudagur  | 3  |  | Horn          |           |  | Hesteyri           |
| miðvikudagur | 4  |  | Horn          | V-Horn    |  | Hesteyri           |
| fimmtudagur  | 5  |  | Horn-Hlöðuvík | Horn      |  | Hesteyri           |
| föstudagur   | 6  |  | Hlöðuvík-Hest | Horn      |  |                    |
| laugardagur  | 7  |  | Hesteyri      | Horn      |  |                    |
| sunnudagur   | 8  |  | Hesteyri      | Horn      |  |                    |
| mánudagur    | 9  |  | Hesteyri      | Horn      |  |                    |
| Þriðjudagur  | 10 |  | Hesteyri      | Horn      |  |                    |

|              |    |               |               |                  |                |
|--------------|----|---------------|---------------|------------------|----------------|
| miðvikudagur | 11 | Hesteyri      | Horn          | Hesteyri         |                |
| fimmtudagur  | 12 | Hesteyri      | Horn          | Hesteyri         |                |
| föstudagur   | 13 |               | Horn          | Hesteyri         |                |
| laugardagur  | 14 | furufj.       | Horn-Hest     | Hesteyri         |                |
| sunnudagur   | 15 | Aust-str.     | Hesteyri      | Hesteyri         |                |
| mánudagur    | 16 | Horn          |               | Hesteyri         | Sjálfboðaliðar |
| þriðjudagur  | 17 | Horn          | Aðalvík       | Hesteyri         | Sjálfboðaliðar |
| miðvikudagur | 18 | Horn          | Aðalvík       | Hesteyri         | Sjálfboðaliðar |
| fimmtudagur  | 19 | Horn          | Fljótavík     | Hesteyri         | Sjálfboðaliðar |
| föstudagur   | 20 | Horn          | Fljótavík     | Hesteyri         | Sjálfboðaliðar |
| laugardagur  | 21 | Horn          | Hlöðuvík      |                  |                |
| sunnudagur   | 22 | Horn-Hesteyri | Horn          |                  |                |
| mánudagur    | 23 | Hesteyri      | Horn          |                  |                |
| þriðjudagur  | 24 | Hesteyri      | Horn          |                  |                |
| miðvikudagur | 25 | Hesteyri      | Horn          |                  |                |
| fimmtudagur  | 26 |               | Horn          |                  |                |
| föstudagur   | 27 |               | Horn          | Hrafnfj - Furufj |                |
| laugardagur  | 28 |               | Horn-Veiðil   | Furufj - Smiðjuv |                |
| sunnudagur   | 29 |               |               | Smiðjuv-Horn     |                |
| mánudagur    | 30 |               |               | Horn             |                |
| þriðjudagur  | 31 |               |               | Horn             |                |
| miðvikudagur | 1  |               |               | Horn             |                |
| fimmtudagur  | 2  | Hesteyri      |               | Horn             |                |
| föstudagur   | 3  | Hesteyri      |               | Horn             |                |
| laugardagur  | 4  | Hesteyri      |               | Horn             |                |
| sunnudagur   | 5  | Hesteyri      |               | Horn             |                |
| mánudagur    | 6  | Hesteyri      |               | Horn             |                |
| þriðjudagur  | 7  | Hesteyri-Horn | Hesteyri      | Horn-Veiðil      |                |
| miðvikudagur | 8  | Horn          | Hesteyri      | Horn-Veiðil      |                |
| fimmtudagur  | 9  | Horn          | Hesteyri      |                  |                |
| föstudagur   | 10 | Horn          | Hesteyri      |                  |                |
| laugardagur  | 11 | Horn          | Hesteyri      |                  |                |
| sunnudagur   | 12 | Horn          | Hesteyri-Horn |                  |                |
| mánudagur    | 13 | Horn-Veiðil   | Horn          |                  |                |
| þriðjudagur  | 14 |               | Horn          | Látrar-Hesteyri  |                |
| miðvikudagur | 15 |               | Horn          | Hesteyri         |                |
| fimmtudagur  | 16 |               | Horn          | Hesteyri         |                |
| föstudagur   | 17 |               | Horn          | Hesteyri         |                |
| laugardagur  | 18 |               | Horn-Veiðil   | Hesteyri         |                |
| sunnudagur   | 19 |               |               | Hest-Horn        |                |
| mánudagur    | 20 |               |               | Horn             |                |
| þriðjudagur  | 21 |               |               | Horn             |                |
| miðvikudagur | 22 |               |               | Horn             |                |
| fimmtudagur  | 23 |               |               | Horn             |                |
| föstudagur   | 24 |               |               | Horn-Veiðil      |                |
| laugardagur  | 25 |               |               | Horn-Veiðil      |                |
| sunnudagur   | 26 |               |               |                  |                |
| mánudagur    | 27 |               |               |                  |                |
| þriðjudagur  | 28 |               |               | Aðalvík          |                |
| miðvikudagur | 29 |               |               | Hest.            |                |
| fimmtudagur  | 30 |               |               | Hest.            |                |